STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Ársfundur Stapa 2026

27. apríl 2026

# Dagskrá

STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Stjórnarkjöri lýst
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

# 2. Skýrsla stjórnar

Björn Snæbjörnsson, stjórnarformaður

# 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

# Ársskýrsluvefur 2025

https://arsskyrsla.stapi.is/2025



# Rekstur Stapa árið 2025

- Um **23 þúsund** sjóðfélagar frá 11 aðildarfélögum greiddu til sjóðsins á árinu
- Iðgjöld bárust frá rúmlega **fjögur þúsund** launagreiðendum
- Mánaðarleg iðgjöld eru nú um **1.600 m.kr.**

- Rúmlega **102 þúsund** sjóðfélagar eiga **462 ma.kr.** sparnað sem sjóðurinn varðveitir
- Eignavísitala sjóðsins **hækkaði um tæplega 6%** á árinu og þar með réttindasjóður sjóðfélaga

- Rúmlega **13 þúsund** sjóðfélagar þáðu lífeyri frá sjóðnum í lok ársins
- Mánaðarlegar greiðslur lífeyris nema tæplega **1.200 m.kr.**
- Ríflega **2 þúsund úrskurðir** lífeyris framkvæmdir á árinu

# Iðgjöld og lífeyrir

| Iðgjöld | 2025 | 2024 | Br. |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld sjóðfélaga | 5.744 | 5.363 | *7%* |
| Iðgjöld launagreiðenda | 15.753 | 14.754 | *7%* |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (1.003) | (763) | *31%* |
| | **20.495** | **19.354** | *6%* |
| | | | |
| Sérstök aukaframlög | 657 | 742 | *-12%* |
| **Iðgjöld samtals** | **21.152** | **20.096** | *5%* |

- Iðgjöld vaxa um 5% milli ára
  - Mikil aukning í réttindaflutningi tilgreindrar séreignar
  - Framlag til jöfnunar á örorkubyrði dregst saman

| Lífeyrir | 2025 | 2024 | Br. |
|---|---|---|---|
| Heildarfjárhæð lífeyris | 13.548 | 12.243 | *11%* |
| Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs | 130 | 122 | *7%* |
| Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 7 | 7 | *-2%* |
| **Lífeyrir samtals** | **13.685** | **12.372** | *11%* |

- Heildarfjárhæð lífeyris vex um 11% í takti við aukin réttindi þeirra árganga sem nú fara á lífeyri

Fjárhæðir eru í milljónum króna

# Hreinar fjárfestingartekjur

| **Hreinar fjárfestingartekjur** | **2025** | **2024** | *Br.* |
|---|---|---|---|
| Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum | 10.834 | 30.850 | *-65%* |
| Hreinar tekjur af skuldabréfum | 13.834 | 13.091 | *6%* |
| Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum | 12 | 17 | *-27%* |
| Vaxtatekjur af handbæru fé | 134 | 251 | *-47%* |
| Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum | 50 | 51 | *-2%* |
| Ýmsar fjárfestingartekjur | 29 | 0 | - |
| Fjárfestingargjöld | (114) | (87) | *31%* |
| **Hreinar fjárfestingartekjur samtals** | **24.781** | **44.173** | *-44%* |

- Verulegur samdráttur í tekjum af eignarhlutum í félögum og sjóðum eftir mjög ábatasamt fyrra ár
- Nafnávöxtun tæplega 6% og raunávöxtun tæplega 2%

Fjárhæðir eru í milljónum króna

# Rekstrarkostnaður

| Rekstrarkostnaður | 2025 | 2024 | Br. |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 430 | 393 | *9%* |
| Tryggingastærðfræðingur | 4 | 4 | *25%* |
| Endurskoðun | 13 | 7 | *84%* |
| Innri endurskoðun | 11 | 9 | *33%* |
| Lögfræðikostnaður | 3 | 8 | *-63%* |
| Fjármálaeftirlit | 24 | 22 | *7%* |
| Upplýsingatæknikostnaður | 113 | 85 | *33%* |
| Annar kostnaður | 116 | 113 | *3%* |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **714** | **640** | *12%* |
| | | | |
| Innheimt rekstrarþóknun | (24) | (29) | *-17%* |
| **Hreinn rekstrarkostnaður samtals** | **690** | **610** | *13%* |

- Kostnaðarhlutfall 0,14% af heildareignum líkt og undanfarin 5 ár
- Launakostnaður hækkar nokkuð í samræmi við fjölgun stöðugilda og almenna launahækkanir
- Mikil kostnaðaraukning í upplýsingatæknikostnaði vegna aðlögunar að nýjum reglum vegna stafræns viðnámsþróttar
- Innheimt rekstrarþóknun lækkar þar sem samrekstri með LSA lauk á síðari hluta ársins

Fjárhæðir eru í milljónum króna

# Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris



# Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.12.2025 | 31.12.2024 | Br. |
|---|---|---|---|
| ***Fjárfestingar*** | | | |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 259.788 | 251.751 | *3%* |
| Skuldabréf | 188.562 | 167.493 | *13%* |
| Bundnar bankainnstæður | 169 | 206 | *-18%* |
| | **448.520** | **419.450** | *7%* |
| ***Kröfur*** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 2.176 | 2.031 | *7%* |
| Aðrar kröfur | 46 | 2.191 | *-98%* |
| | **2.222** | **4.222** | *-47%* |
| | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 234 | 272 | *-14%* |
| | | | |
| Handbært fé | 11.249 | 6.976 | *61%* |
| | | | |
| **Eignir samtals** | **462.225** | **430.919** | *7%* |

| Skuldir | 31.12.2025 | 31.12.2024 | Br. |
|---|---|---|---|
| ***Viðskiptaskuldir*** | | | |
| Aðrar skuldir | 144 | 395 | *-64%* |
| **Skuldir samtals** | **144** | **395** | *-64%* |
| | | | |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **462.081** | **460.524** | *7%* |

- Varfærin framkvæmd fjárfestingarstefnu birtist í mikilli hækkun skuldabréfa og handbærs fjár á efnahagsreikningi sjóðsins á árinu

Fjárhæðir eru í milljónum króna

# Deildir Stapa




- **Tryggingadeild** sjóðsins sem heldur utan um eftirlaun og áfallatryggingar er langstærsta deild sjóðsins með tæplega **98%** heildareigna
- **Séreignardeild** geymir rúmlega **2%** af heildareignum sjóðsins og heldur utan um séreignarsparnað sem er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri
- **Tilgreind séreignardeild** var stofnuð árið 2017 og geymir nú **0,3%** af heildareignum sjóðsins
  - Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri

# Tryggingadeild

# Iðgjöld tryggingadeildar

| | 2025 | 2024 | Breyting % |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld í m.kr. | 19.866 | 18.785 | 5,8% |
| Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 16.887 | 16.548 | 2,1% |
| Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 22.852 | 22.643 | 0,9% |
| Fjöldi launagreiðenda | 4.067 | 3.869 | 5,1% |



# Iðgjöld tryggingadeildar

| | 2025 | 2024 | Breyting % |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld í m.kr. | 19.866 | 18.785 | 5,8% |
| Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 16.887 | 16.548 | 2,1% |
| Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 22.852 | 22.643 | 0,9% |
| Fjöldi launagreiðenda | 4.067 | 3.869 | 5,1% |

- Erlendir ríkisborgarar eru 34% sjóðfélaga og eiga 16% af óúrskurðuðum réttindum í Stapa
- Nýir sjóðfélagar á árinu 2025 voru tæplega 3 þúsund, af þeim voru 67% erlendir ríkisborgarar
- Í aldurshópnum 21-40 ára eru 44% sjóðfélaga erlendir ríkisborgarar



# Pólland algengasta ríkisfang erlendra sjóðfélaga



# Pólland algengasta ríkisfang erlendra sjóðfélaga

## Við 70 ára aldur er búið að úrskurða um 50% pólskra sjóðfélaga á eftirlaun



# Landsvæðaskipting iðgjalda

Iðgjöld eftir skráðri búsetu einstaklinga






# Iðgjöld

Ágætur vöxtur í flestum atvinnugreinum en lokun PCC á Bakka lækkar iðgjöld frá iðnaði



# Eftirlaunaúrskurðir

## Dregur örlítið úr snemmtöku lífeyris frá fyrra ári



# Lífeyrisgreiðslur



# Sjóðfélagalán

## Mikil ásókn í sjóðfélagalán síðasta árið – traustur eignaflokkur




Landsvæðaskipting sjóðfélagalána



# Séreignardeild

# Séreignardeild

**429** m.kr.
IÐGJÖLD

**282** m.kr.
LÍFEYRISGREIÐSLUR

**1304** sjóðfélagar
GREIÐA TIL STAPA

**293** sjóðfélagar
LÍFEYRISÞEGAR

**319** sjóðfélagar
GREIÐA INN Á LÁN








# Tilgreind séreignardeild

# Tilgreind séreign

- Tilgreind séreign á rætur að rekja til **kjarasamninga frá árinu 2016** þegar iðgjald í lífeyrissjóð á almennum markaði var hækkað úr 12% í 15,5%
- Eftir það var heimilt að ráðstafa allt að **3,5% af iðgjaldi**, sem nam hækkuninni úr 12% í 15,5%, í tilgreinda séreign sem skyldi greiðast út á 5 ára tímabili frá 62 ára aldri
- Samkvæmt upphaflegum hugmyndum skyldi þessi nýja séreign ávöxtuð hjá viðkomandi skyldulífeyrissjóði sem síðar var **hafnað af fjármálaeftirlitinu – nú má flytja tilgreinda séreign til vörsluaðila að vali sjóðfélaga**

| Deild | Iðgjöld launþega sem hlutfall af launum | Ávinningur | Erfist | Úttekt |
|---|---|---|---|---|
| **Samtrygging** | 4% / 8% / 3,5% | Ævilöng eftirlaun<br>Áfallalífeyrir (örorku-, maka- og barnalífeyrir) | ✗ | Frá 60 ára |
| **Tilgreind séreign** | 0-3,5%* | Sjóður | ✓ | Frá 62 ára |
| **Séreign** | 2-4% / 2% | Sjóður<br>Skattfrjáls ráðstöfun til kaupa á fyrstu íbúð eða inn á íbúðalán | ✓ | Frá 60 ára |

# Tilgreind séreignardeild

**230** m.kr.
IÐGJÖLD

**40** mkr.
LÍFEYRIR

**588** sjóðfélagar
GREIDDU TIL STAPA

**3700** Sjóðfélagar
VÍSUÐU IÐGJÖLDUM ANNAÐ






# Tilgreind séreignardeild

## Meirihluta iðgjalda vísað til erlendra vörsluaðila

**Fjöldi virkra samninga um tilgreinda séreign**




**Aldursskipting sjóðfélaga með tilgreinda séreign**



# Þóknanir af iðgjaldi til erlendra vörsluaðila

- Þrír erlendir aðilar bjóða upp á lífeyristryggingar hér á landi sem eru markaðssettar sem viðbótarlífeyrissparnaður
- Hjá þessu aðilum eru þóknanir teknar af lífeyrisiðgjaldi við innborgun
- Í dæmigerðu tilviki nemur þóknun **25,8%** af lífeyrisiðgjaldi **fyrstu 5 ár samningstímans**
  - Upphafsþóknun fellur niður eftir fimm ár og er þóknun því 5,3% eftir það út 40 ára samningstímann
- Meðaltalsþóknun yfir 40 ára líftíma samnings verður þannig **8% af iðgjaldi hvers árs!**

**Dæmi um skiptingu kostnaðar hjá erlendum vörsluaðila (byggt á gögnum frá Allianz):**



# Erlendir vörsluaðilar tilgreindrar séreignar

## Umfjöllun Kveiks 2. desember



Viðskipti

**Þóknanir sölumanna éta upp sparnaðinn**



Peningar

**„Þetta er mjög mikil rándýrshegðun að hringja í ungt fólk og fara með einhverjar sölurræður“**



Viðskipti

**Sama IP-talan skilaði inn hundruðum séreign-arsamninga**



Peningar

**„Að fyrirtæki hagi sér svona er út í hött“**

# Hvað er mögulegt að gera til að bæta ástandið?

Bann við beinni markaðssetningu og fjarsölu án fyrirfram beiðni neytenda

Bæta eftirlit með starfsemi tryggingamiðlara til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga

Gera breytingar á kjarasamningum sem breyta eðli tilgreindrar séreignar

Bætt og beinni upplýsingagjöf lífeyrissjóða til sjóðfélaga

# Hvað er mögulegt að gera til að bæta ástandið?

## Uppfærðar upplýsingar á vef Seðlabankans um lífeyristryggingarsamninga

3. DESEMBER 2025

VÁTRYGGINGAFÉLÖG OG VÁTRYGGINGAMIÐLANIR | VÁTRYGGINGASTARFSEMI | LÍFEYRISMARKAÐUR | FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Hlusta

Í tilefni af umfjöllun RÚV í þættinum Kveik 2. desember 2025 vill Seðlabanki Íslands vekja athygli á upplýsingum fyrir almenning á vef bankans. Þar er að finna upplýsingar um mismunandi tegundir afurða sem í boði eru á fjármálamarkaði.

Í umfjöllun um lífeyristryggingarsamninga er m.a. að finna upplýsingar um hver helsti munurinn er á lífeyristryggingarsamningi og samningi sem er gerður við lífeyrissjóð eða lánastofnun um séreign, tilgreinda séreign og viðbótarlífeyrisparnað.

Á vef bankans er jafnframt að finna upplýsingasíðu um Novis: Seðlabanki Íslands | Upplýsingar vegna NOVIS

Til að sinna eftirlitshlutverki sínu tekur Seðlabankinn við ábendingum um starfshætti eftirlitsskyldra aðila. Hægt er að senda ábendingar hér.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## STEFNUMARKANDI ÁHERSLUR

við eftirlit á fjármálamarkaði

2026-2028

### Ábyrgir viðskiptahættir

Á undanförnum árum hefur fjármálaeftirlitið lagt áherslu á eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti með hag viðskiptavinarins að leiðarljósi. Ábyrgir viðskiptahættir eftirlitsskyldra aðila verða áfram áhersluatriði í fjármálaeftirliti enda traust viðskiptavina til fjármálamarkaðarins ein meginstoð heilbrigðs fjármálakerfis. Sérstök áhersla verður lögð á viðskiptahætti og neytendavernd á lífeyrissjóðamarkaði, nánar tiltekið dreifingu á lífeyristryggingum. Mikilvægt er að eftirlitsskyldir aðilar hafi viðeigandi ráðstafanir og verklag vegna hagsmunaárekstra, þ.m.t. vegna greininga á þeim. Upplýsingagjöf til viðskiptavina þarf að vera í samræmi við lög, skýr, sanngjörn og ekki villandi en jafnframt er mikilvægt að eftirlitsskyldir aðilar sinni kröfum um lögbundna upplýsingaöflun frá viðskiptavinum s.s. í tengslum við þarfagreiningu og við mat á hæfi og tilhlýðileika. Þá þurfa eftirlitsskyldir aðilar að fylgja vörusamþykktarferli vegna vara og þjónustu sem boðnar eru viðskiptavinum, t.d. hvað varðar skilgreiningu markhópa, og að sala og markaðssetning sé í samræmi við dreifingarleiðir viðkomandi afurðar.

Forgangsmál:

- Söluhættir í tengslum við dreifingu á lífeyristryggingum
- Ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra
- Upplýsingagjöf til fjárfesta og neytenda, þ.m.t. á sviði sjálfbærni og um kostnað við hinar ýmsu fjármálaafurðir sem dreift er hér á landi
- Vörusamþykktarferli fyrir vörur og þjónustu

# 2. Tryggingafræðilegt mat

Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi

# Tryggingafræðileg athugun



# Tryggingafræðileg staða



# Fyrirkomulag örorkulífeyris

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

# Vandamál örorkulífeyriskerfisins á Íslandi

## Víxlverkun *- sífelldur núningur milli kerfa*

- Bæði örorkulífeyrisgreiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóða eru tekjutengdar sem leiðir óhjákvæmilega til víxlverkunar
- Bráðabirðaákvæði verið í gildi frá 2011 sem er ætlað að stöðva víxlverkunina en það veltir sífellt auknum byrðum á herðar lífeyrissjóða
- Augljóst að núverandi fyrirkomulag er komið á leiðarenda

## Örorkubyrði *- mismunun milli lífeyrissjóða*

- Lífeyrissjóðir glíma við mjög ólíka örorkubyrði eftir starfsstéttum sjóðfélaga sinna
- Kemur niður á getu lífeyrissjóða til að greiða eftirlaun – áætluð eftirlaun Stapa 15% lægri en örorkulágra sjóða
- Verkafólk sem vinnur hættulegri eða meira slítandi störf nýtur lakari lífeyris en aðrir

## Endurhæfing *- inngrip hefjast of seint*

- Flókið og brotakennt örorkulífeyriskerfi virðist tefja fyrir endurhæfingu
- Endurhæfingarlíkur lakari en á Norðurlöndunum

# Nokkrir ASÍ sjóðir greiða hæsta hlutfall örorkulífeyris



# Framlag til jöfnunar á örorkubyrði

- Til að jafna þennan mun milli sjóða fá lífeyrissjóðir úthlutað svokölluðu framlagi til jöfnunar á örorkubyrði
- Fyrir sjóði á borð við Stapa gegnir jöfnunarframlagið lykilhlutverki við að jafna réttindaávinnslu milli ólíkra lífeyrissjóða
- Nýtt bráðabirgðaákvæði laga gerir ráð fyrir 40% lægra hlutfalli jöfnunarframlags af gjaldstofni tryggingargjalds og breytingum á úthlutun
- Fjármálaáætlun gerði ráð fyrir brotthvarfi framlagsins á árinu 2026
- **Undir lok árs 2025 var gert samkomulag um óbreytt fyrirkomulag út 2026**




* Fjármálaáætlun gerði ráð fyrir brotthvarfi framlagsins 2026

# Hver eru áhrif jöfnunarframlagsins?

## 25 ára aðili sem byrjar að greiða af 500 þ.kr. mánaðarlaunum í dag til 67 ára aldurs




* Miðað við fyrirkomulag ársins 2024

# Hvað er til ráða?

## Jöfnun örorkubyrði milli sjóða

- Undir lok síðasta árs undirrituðu **ASÍ, SA og fjármála- og efnahagsráðuneytið** sameiginlega yfirlýsingu sem lýsti m.a. vilja viðkomandi aðila til að leggja upp verkefnaáætlun um hvernig bæta megi **samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða** og **bæta endurhæfingarlíkur:**
  - Fyrirkomulagi um framlag til jöfnunar á örorkubyrði var framlengt út 2026
  - Víxlverkunarákvæði sem bannar lífeyrissjóðum að taka tillit til almennra hækkana almannatrygginga við tekjuskoðun örorkulífeyrisþega var framlengt til sama tímamarks
  - ***„Hvorutveggja er gert til að skapa svigrúm á meðan niðurstaða fæst í samtal aðila um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða, m.a. með hliðsjón af gagnvirkri víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða“***



# Örorkulífeyrir í gegnumstreymiskerfi?




STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Örorkulífeyrir í gegnumstreymiskerfi?



# Ábati ef örorkubyrði verður jöfnuð



## Jöfnun eftirlaunaréttinda

*- hækkun áfallinna eftirlaunaréttinda sjóðfélaga Stapa*



## Jöfnun örorkubyrði á milli lífeyrissjóða

*- aukið svigrúm Stapa til að greiða eftirlaun til framtíðar*



## Einfaldara umsóknarferli og samskipti lífeyrisþega

*- Eitt örorkumat og einn útgreiðslusjóður, engin víxlverkun*



## Snemmbúið inngrip til endurhæfingar

# Næstu skref og aðkoma Stapa

Endurskipulagning örorkulífeyriskerfisins verður **mesta breyting á umgjörð lífeyriskerfis** Íslands frá upphafi

- Mikilvægt að vanda til verka við slíkar breytingar, **málið er flókið** og að mörgu að hyggja

Málið er **á forræði aðila vinnumarkaðarins** og fjármála- og efnahagsráðuneytisins

- Hlutverk lífeyrissjóða á borð við Stapa er að **styðja við ferlið** með því að miðla þekkingu sem er innan sjóðanna við praktíska útfærslu

Fyrir sjóð á borð við Stapa er eftir gríðarlega miklu að slægjast fyrir sjóðfélaga okkar enda gætu **eftirlaunaréttindi og réttindaávinnsla hækkað** ef örorkubyrði verður jöfnuð milli lífeyrissjóða



# Orðið er laust

Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat

# 3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Óli Þór Birgisson, forstöðumaður eignastýringar

# Fjárfestingarstefna

# Þróunin árið 2025

## Eftir tollaumræðu tóku erlent hlutabréf við sér en innlend hafa setið eftir



# Eignaflokkaskipting samanborið við fjárfestingarstefnu

## Innlán og innlend hlutabréf í yfirvigt gagnvart erlendum eignum






# Viðskipti og ávöxtun eigna tryggingadeildar 2025

## Færsla úr ávöxtunareignum yfir í tryggingaeignir – dregið úr áhættu



# Erlent hlutabréfasafn

## Ávöxtun skráðra sjóða góð á árinu 2025






# Eignasamsetning í árslok 2025

## Aukum við skuldabréf og innlendar eignir frá fyrra ári

### Tegundir eigna




### Gjaldmiðlaáhætta




### Grænar eignir



# Söguleg þróun á eignasafni

## Vægi ávöxtunareigna aukist undanfarin ár



# Vægi erlendra eigna aukist jafnt og þétt

## Úr 26% í rúm 40% á tæpum áratug



# Langtíma nafnávöxtun



# Langtíma raunávöxtun



# Séreignasöfnin

### Varfærna safnið




### Áræðna safnið




### Tilgreinda - Varfærna safnið





# Ávöxtun það sem af er ári 2026

Tæplega fyrstu fjórir mánuðir ársins (22.4.2026)

# Þróunin árið 2026

## Árið fór vel af stað en stríðið í miðausturlöndum haft mikil áhrif



# Viðskipti og ávöxtun eigna tryggingadeildar

## Áhersla á innlend skuldabréf á óvissutímum



# Séreignasöfnin

**Varfærna safnið**




**Áræðna safnið**




**Tilgreinda - Varfærna safnið**




■ Skuldabréf ■ Hlutabréf

# Framundan hjá Stapa



Ekkert augljóst öruggt skjól



Tryggingaeignir á Íslandi – áhættusamar eignir erlendis



Stríð í miðausturlöndum



Tækifærin



# Orðið er laust

Fjárfestingarstefna



# 4. Hluthafastefna Stapa

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

# Hluthafastefna og Stefna um ábyrgar fjárfestingar

## Hluthafastefna

- Tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi og hvernig við væntum þess að stjórnarháttum fyrirtækja verði háttað
  - Umboðsskylda gagnvart sjóðfélögum
  - Samskipti sem hluthafi
  - Beiting atkvæða á hluthafafundum

**Framkvæmd**

- Stapi beitir atkvæðisrétti sínum í samræmi við anda hluthafastefnu sjóðsins
- Sjóðurinn á uppbyggileg samskipti við félög um stjórnarhætti þeirra – kemur á framfæri ábendingum
- Sjóðurinn gerir opinberlega grein fyrir beitingu atkvæðaréttar á hluthafafundum skráðra félaga

## Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrgra fjárfestinga sjóðsins
- Stapi byggir viðmið sín um ábyrgar fjárfestingar á grunngildum íslenskra laga á sviði umhverfisþátta og félagslegra þátta – ásamt alþjóðlegum sáttmálum og samningum
- Sjóðurinn kann einnig að taka þátt í samstarfi á sviði umhverfisþátta eða félagslegra þátta

**Framkvæmd**

- Umhverfisþættir og félagslegir þættir hluti af greiningu fjárfestingarkosta
- Stapi kann að beita jákvæðri eða neikvæðri skimun

# Framkvæmd hluthafastefnu

Stapi mun eiga í reglulegum samskiptum við fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í. Það gefur okkur sem eigendum tækifæri til að hitta forsvarsmenn fyrirtækja, fara yfir árangur þeirra og framtíðar horfur. Við lítum á slík samskipti sem mikilvægan hluta af fjárfestingastefnu okkar og um leið tækifæri til að spyrja uppbyggilegra og krefjandi spurninga um þætti sem geta haft áhrif á hvort við viljum vera fjárfestar eða ekki.

Samskipti við stjórnendur fyrirtækja er ætlað að bæta mat okkar á fyrirtækjum og auka gæði fjárfestingaákvarðana. Stefnu okkar um virk samskipti er meðal annars ætlað, eins og frekast er kostur, að draga úr líkunum á óvæntum og neikvæðum uppákomum sem stafa af óvönduðum stjórnarháttum sem hafa neikvæð áhrif á verðmæti fyrirtækja.

Stapi mun koma á framfæri ábendingum telji hann að stefna eða ákvarðanir félags fari í bága við stefnu sjóðsins. Slíkar ábendingar kunna að vera bréflegar eða á vettvangi formlegra funda eftir atvikum. Bregðist félag ekki við slíkum ábendingum kann sjóðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundum eða eftir atvikum með öðrum hætti.

## Hluthafastefna

Stjórn og starfsmenn Stapa eru vörsluaðilar lífeyrissparnaðar sjóðfélaga og ber sem slíkum að standa vörð um hagsmuni þeirra og hafa þá að leiðarljósi í störfum sínum. Í því er m.a. fólgin sú krafa að sjóðurinn stuðli að því að bestu faglegu viðmið um stjórnarhætti fyrirtækja séu í heiðri höfð hjá þeim fyrirtækjum þar sem sjóðurinn fjárfestir eða felur eignastýringu fyrir hönd sjóðsins.

- Inngangur
- Grunnstefna
- Stjórnarmenn
- Stapi sem fjárfestir
- **Ráðstöfun atkvæðaréttar Stapa í innlendum hlutafélögum**
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2026
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2025
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2024
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2023
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2022
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2021
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2020
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2019
  - Upplýsingar um ráðstöfun árið 2018

| | |
|---|---|
| **Félag:** | Festi hf. |
| **Dags. hluthafafundar:** | 5.mar.25 |
| **Atkvæðamagn Stapa:** | 5,18% |
| **Fulltrúi Stapa:** | Umboðsmaður |
| **Aðrar upplýsingar:** | - |
| **Dagskrá:** | Tillögur stjórnar |

**Samantekt um ráðstöfun atkvæða Stapa:**

- Allar tillögur stjórnar samþykktar
- Atkvæði Stapa ti stjórnarsetu fengu Eddu Blumenstein, Guðjón Auðunsson, Guðjón Reynisson, Hjörleif Pálsson og Sigurlínu Ingvarsdóttir

# Ábyrgar fjárfestingar

## Innlendar eignir

Sjálfbærnimat á UFS-þáttum innlendra félaga í eignasafni sjóðsins er fengið frá Reitun hf., sem byggir mat sitt bæði á opinberum upplýsingum og fundum með forsvarsmönnum félaga. Þar er félögum gefin stig fyrir hvern UFS-þátt fyrir sig og þeim raðað í flokka eftir einkunn, allt frá A1 og niður í D. Með því að greina UFS-upplýsingar fyrir innlendar fjárfestingar í safninu getur sjóðurinn bæði fylgst með árangri einstakra fjárfestinga í safninu en einnig séð hvernig safnið þróast yfir tíma.

Stærsti hluti eignasafns Stapa er í flokkum á bilinu A3-B3. Hjá Reitun er lögð áhersla á að meta skráð félög á innlendum hlutabréfamarkaði og því hafa ýmis verðbréf sem Stapi hefur fjárfest í ekki verið metin. Í heildina eru um 41% innlendra eigna í eignasafninu ekki metin. Þar á meðal eru sjóðfélagalán, verðbréfasjóðir, sérhæfðir sjóðir auk óskráðra skuldabréfa.



# Ábyrgar fjárfestingar

## Erlendar eignir

Stapi kallar eftir upplýsingum frá eignastýringaraðilum sjóða, sem hann hyggst fjárfesta í, hvort þeir hafi sett sér stefnu í umhverfis- og félagsmálum í fjárfestingum sínum og fylgi t.a.m. viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Slíkar stefnur eða viðmið eru ekki skilyrði fyrir fjárfestingu en er hluti af heildarmati Stapa á viðkomandi sjóði.

Erlendir eignastýringaaðilar í eignasafni Stapa hafa flestir tileinkað sér þessi viðmið í fjárfestingum sínum til margra ára en ánægjulegt er að aukinn fjöldi innlendra stýringaraðila hafa einnig verið að tileinka sér viðmiðin undanfarin misseri.

Í tilfelli erlendra verðbréfasjóða kannar Stapi hvernig sjóðir standa miðað við opinbert mat Morningstar á stöðu sjóða í UFS -málum.

Rúmlega 99% af virði erlendra sjóða í eignasafni Stapa er aðili að UN PRI og einkunnir sjóðastýrenda eru ásættanlegar. Mat MSCI á UFS-málum verðbréfasjóða í eignasafni Stapa er einnig ásættanlegt og hefur farið hækkandi milli ára. Með því að fylgast með þessum þáttum má ná fram enn betri árangri til framtíðar.











# Orðið er laust

Hluthafastefna



# 5. Stjórnarkjöri lýst

# Stjórn Stapa að loknum ársfundi

Fulltrúaráð sjóðsins hefur staðfest tilnefningar stjórnarmanna.
Tilnefningarnar eru feitletraðar hér að neðan en stjórn sjóðsins verður þannig skipuð:

## Frá atvinnurekendum

- Elsa Björg Pétursdóttir (til 2027)
- Kristinn Kristófersson (til 2027)
- **Guðrún Ingólfsdóttir (til 2028)**
- **Tryggvi Þór Haraldsson (til 2028)**

### *Varamenn*

- **Erla Jónsdóttir (til 2027)**
- Páll Snorrason (til 2028)

## Frá launþegum

- Björn Snæbjörnsson (til 2027)
- **Ásdís Sigurjónsdóttir (til 2027)**
- **Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2028)**
- **Þórarinn Sverrisson (til 2028)**

### *Varamenn*

- **Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir (til 2027)**
- **Birkir Snær Guðjónsson (til 2028)**

# 6. Kosning löggilts endurskoðanda

# Kosning löggilts endurskoðanda

Stjórn Stapa leggur til að KPMG ehf. verði endurskoðandafyrirtæki sjóðsins á árinu 2026.



# Orðið er laust

Kosning löggilts endurskoðanda

# 7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

# Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

Stjórn Stapa leggur til að Ragna Hrund Hjartardóttir verði kosin utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd.



# Orðið er laust

Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd



# 8. Starfskjarastefna

# Starfskjarastefna

## Meginaáherslur – óbreytt frá fyrra ári

**A. Meginaáherslur í starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs eru:**

1. Grunnlaun. Stapi lífeyrissjóður býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. Stapi lífeyrissjóður greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. Sveigjanleiki. Stapi lífeyrissjóður leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptavina. Stapi lífeyrissjóður telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma og reynt er eftir föngum að taka tillit til óska starfsmanna, þó aldrei þannig að það bitni á sjóðfélögum eða öðrum viðskiptamönnum sjóðsins.

# Starfskjarastefna

## Framkvæmd – óbreytt frá fyrra ári

**B. Framkvæmd starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs.**

1. Starfskjör stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun ársfundar hverju sinni. Nefnd um laun stjórnar skilar tillögu um laun stjórnar og undirnefnda stjórnar til ársfundar. Nefndin starfar samkvæmt ákvæðum samþykkta sjóðsins og starfsreglum um störf nefndarinnar. Almennt er miðað við að stjórnarlaun hjá Stapa séu sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar.
2. Starfskjör framkvæmdastjóra. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir öllum starfskjörum hans.
3. Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við stjórnendur og lykilstarfsmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
4. Starfskjör annarra starfsmanna. Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til aðstæðna á vinnumarkaði og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
5. Kaupaukar. Sjóðurinn heimilar ekki samninga um kaupauka eða starfskjör sem eru skilgreind út frá árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.
6. Yfirvinna. Við það skal miðað að við venjulegar aðstæður rúmist sú vinna sem inna þarf að hendi vegna starfsemi sjóðsins innan þeirra marka sem sett eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur þó heimild til að samþykkja yfirvinnu til handa starfsmönnum, s.s. vegna álags sem upp kann að koma vegna sérstakra aðstæðna.



# Orðið er laust

Starfskjarastefna

# 9. Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda

# Stjórnar- og nefndarlaun

## Niðurstaða nefndar um laun stjórnar

Nefnd um laun stjórnarmanna Stapa fundaði tvisvar sinnum, þann 13. mars og 7. apríl, og hefur á þeim fundum farið yfir launakjör stjórnarmanna, varamanna og nefndarmanna sjóðsins. Í samræmi við starfsreglur nefndarinnar, samþykktir sjóðsins og ákvæði kjarasamninga, var ákveðið að laun hækki um 3,5% milli ára 2025 og 2026.

Við mat á hækkunum var tekið mið af:

- Forsendum kjarasamninga

- Ábyrgð og umfangi starfa viðkomandi aðila

# Stjórnar- og nefndarlaun starfsárið 2026-2027

Í samræmi við tillögu nefndar um laun stjórnar gerir stjórn tillögu um að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki í samræmi við almennar launabreytingar í nýlegum kjarasamningum eða sem nemur 3,5% og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Stjórnarmaður: 97.530 kr. pr. mán og 65.019 kr. pr. mætingu á fund
  - Formaður stjórnar: 195.059 kr. pr. mán og 130.039 kr. pr. mætingu á fund
  - Varaformaður stjórnar: 146.293 kr. pr. mán og 97.530 kr. pr. mætingu á fund
  - Varamaður í stjórn: 81.273 kr. pr. mætingu á fund

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 61.095 kr. á mánuði
  - Formaður endurskoðunarnefndar 122.169 kr. á mánuði

- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 162.547 kr. fyrir starfsárið
  - Formaður nefndar um laun stjórnar 243.821 kr. fyrir starfsárið



# Orðið er laust

Laun stjórnar og nefnda

# 10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

# Framboð í nefnd um laun stjórnar

Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund.

Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins.

Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt.

**Frá atvinnurekendum**

- Geir Kristinn Aðalsteinsson
- Stjórnarformaður

**Frá launþegum**

- Ósk Helgadóttir
- Tryggvi Jóhannsson



# Orðið er laust

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

# 11. Önnur mál



Takk og bless